

STJÓRNARTÍÐINDI A 6 — 1972

4. maí 1972.

31

Nr. 17.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 4 28. febr. 1966, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „Kr. 1 900.00“ í 1. tl. 1. málsgr. 2. gr. komi: Kr. 2 300.00.

2. gr.

1. málsgr. 3. gr. orðist svo:

Ríkissjóður annast innheimtu útflutningsgjalds samkvæmt 2. gr., og skiptast tekjur af því sem hér segir:

1. Til greiðslu á váttryggingariðgjöldum fiskiskipa samkvæmt reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur	82.0%
2. Til Fiskveiðasjóðs Íslands	11.4%
3. Til Fiskimálasjóðs	3.1%
4. Til byggingar haf- og fiskirannsóknaskips	1.8%
5. Til byggingar rannsóknarstofnana sjávarútvegsins	0.7%
6. Til Landssambands ísl. útvegsmanna	0.5%
7. Til samtaka sjómanna skv. reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur	0.5%

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skulu ákvæði þeirra taka til útflutnings sjávarafurða framleiddra eftir 1. janúar 1972.

Þó skal sjávarútvegsráðherra heimilt að ráðstafa útflutningsgjaldi af saltaðri síld og flökum úr saltaðri síld, sem flutt er út á árinu 1972, til síldarútvegsnefndar, m. a. vegna kostnaðar við öflun markaða fyrir saltaða síld af fjarlægum miðum.

Gjört í Reykjavík, 4. maí 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús Kjartansson.

Stjórnartíðindi A 6, nr. 17. Útgáfudagur 12. maí 1972.